



Félag háskólakennara

2. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn mánudaginn 24. ágúst 2022 á teams kl. 12

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsso, Ármann Höskuldsson, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Berglind Eva Benediktsdóttir og Pontus Eik Gunnar Jarvstad. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 24.maí 2022.
2. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 27. maí 2022.
3. Fundargerð aðalfundar 25. maí 2022.
4. Ákveða fastan fundartíma stjórnar.
5. 0,1 % fundur formanna Fh og FPR, vegna bókunar í kjarasamningi 2014.
6. Formannaráðsfundur BHM.
7. Norrænn fundur á Íslandi 12. – 14. júní 2023.
8. Undirbúningur kjaraviðræðna.
9. Húsnæði Félags háskólakennara á Hótel Sögu.
10. Nýráðningar akademíks starfsfólks háskólans.

Önnur mál.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 24. maí 2022
Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 27. maí 2022
Fundargerðin var samþykkt.

3. Fundargerð aðalfundar 2022
Fundargerðin var samþykkt.

4. Fastur fundartími stjórnar

Ákveðið var að fastur fundartími stjórnar verði fyrsti miðvikudag hvers mánaðar frá kl. 11.45 – 13:15. Næsti fundur stjórnar verður því miðvikudaginn 7. september kl. 11:45.

5. Fundur formanna Fh og FPR með BHM vegna 0,1% framlags í kjarasamningi 2014

Baldvin sagði frá fundi formanna Fh og FPR með framkvæmdastjóra BHM vegna 0,1% framlags ríkisins, sem samið var um í bókun með kjarasamningi 2014. Orðalag bókunarinnar í kjarasamningi Fh er með öðrum hætti í kjarasamningi Fh en annarra félaga BHM. Það hefur gert það að verkum að erfiðlega hefur reynst að nýta fjármagn Fh með sama hætti og annarra félag og því hefur safnast upp ónýtt fjármagn. Baldvin stakk upp á því að félagið hafi frumkvæði af því að breyta orðalagi til samræmis annarra félaga BHM í næstu kjarasamningum við ríkið. Málið rætt. Stjórn sammála um það að nýta ætti þetta fjármagn til þess að bæta trúnaðarmannakerfi félagsins. Fjölga fundum með trúnaðarmönnum og greiða fyrir þá. Rætt um að leggja til nýtt orðalag bókunarinnar í komandi kröfugerð félagsins við ríkið.

6. Formannaráðsfundur

Baldvin sagði frá umræðum og ákvörðun formannaráðs BHM um að aðildarfélögin öll muni koma saman sem ein heild gagnvart ríki í svokölluðum „stóru málum“. Boðað hefur verið til fyrsta fundar á mánudaginn næstkomandi. Formaður og framkvæmdastjóri munu sækja þann fund.

7. Norrænn fundur á Íslandi 12. – 14. júní 2023

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi formanna Fh og FPR í júní sl. vegna norræns fundar sem haldinn verður 12. – 14. júní nk. á Íslandi. Á þeim fundi var ákveðið að framkvæmdastjórar félagana hefðu samband við tengilið félaganna, sem sá um undirbúning sambærilegs fundar í Vestmannaeyjum árið 2016, til þess að tryggja hótél fyrir fundinn. Nú liggur fyrir að búið að er að taka frá 40 herbergi á hótél Örk í Hveragerði. Málið rætt og allir voru jákvæðir. Ákveðið var að halda áfram með undirbúninginn.

8. Undirbúningur kjaraviðræðna

Baldvin hóf umræðuna og sagði brýnt að hefja undirbúning kjaraviðræðna sem fyrst og lagði til að vinna við kröfugerð félagsins hefjist sem fyrst og að hún verði tilbúin í október. Hann lagði til að næsti stjórnarfundur verði helgaður kjaramálum og kröfugerð.

Málið rætt og m.a. nefnt að ræða þyrfti við samráðsnefnd HÍ um tillögur sem komið hafa upp í umræðunni um lágmarksröðun akademískra. Sagt var frá vinnudegi stjórnar Fh í vor um kjaramál þar sem ákveðið var að lögð verði áhersla á endurskoðun starfsmatskerfisins SKREF í næstu kjarasamningsgerð. Þá var rætt um menntun akademískra starfsmanna og og nauðsyn þess að menntun þeirra verði metin til launa, meira en nú er gert. Málinu frestað til næsta fundar.

9. Húsnæði Félags háskólakennara á Hótel Sögu

Baldvin sagði frá því að fyrir liggur að taka eigi aðra hæð suðurálmú hótels Sögu í gegn og því er ljóst að félagið þarf að flytja húsnæði sitt. Félaginu hefur boðist húsnæði á þriðju hæð í suðurálmú hótelsins, þar sem ljóst er að Bændahöllin hefur flutt starfsemi sína og það húsnæði verður óbreytt. Formaður og framkvæmdastjóri hafa fengið boð um að skoða aðstöðuna.

10. Nýráðningar akademísku starfsfólks háskólans

Jens sagði frá málinu og vísaði til fundargagna vegna málsins. Hann vildi fá að vita afstöðu stjórnar til málsins. Málið rætt. Ákveðið var að formenn Fh og FPR taki málið upp á fundi með formanni samráðsnefndar um kjaramál HÍ.

Önnur mál

- Berglind Eva sagði frá stöðu mála í nefnd er hefur fjallað um kennslutíma akademískra.
- Baldvin sagði frá fundi með mannauðssviði HÍ vegna starfsmatskerfisins SKREF. Ákveðið var að vinna færi í gang um endurskoðun kerfisins með félaginu. Fulltrúar Fh í þeirri vinnu verði Baldvin, Íris og Helga Birna.
- Fundarboð hefur komið frá samráðsnefnd um kjaramál HÍ þar sem lagt er til að ræða um stöðu stundakennara. Baldvin leggur til að félagið óski eftir skýrslu um stöðu stundakennara sem hefur dregist og reglum um viðverðuskyldu.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:00

Næsti fundur 7. september nk. kl. 11:45 í Bændahöllinni.